
Framleiðsluaukning um 30 tonn í eldisstöð N-Lax á Laxamýri

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 5. desember 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá N-laxi um fyrirhugaða framleiðsluaukningu fyrirtækisins í eldisstöð að Laxamýri, Norðurþingi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Norðurþings, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Greinargerð vegna framleiðsluaukningar hjá N-lax á Laxamýri.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Norðurþingi með bréfi dags. 10. janúar 2018.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 16. mars 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 8. janúar 2018.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 5. janúar 2018.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 8. janúar 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfum dags. 9. janúar 2018 og 7. janúar 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 5. desember 2018 og 12. mars 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Upphaflega var fyrirhugað að auka framleiðslu stöðvarinnar í allt að 60 tonn á ári. Í kjölfar umsagna sem bárust ákvað N-lax að auka framleiðsluna í allt að 50 tonn á ári. Þá leiddu umsagnir einnig til þess að ákveðið var að koma á frekari hreinsun frárennslis frá stöðinni sem myndi, ásamt því að draga úr lífrænu álagi á viðtaka, draga úr hættu á slysasleppingum.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að megintilgangur starfseminnar hafi verið að framleiða seiði til fiskræktar í ám og vötnum á Norður- og Austurlandi. Eldisstöðin hafi leyfi til að framleiða allt að 20 tonn á ári af laxi, regnbogasilungi og bleikju. Markaður fyrir villt seiði sé breytilegur á milli ára og því stefni fyrirtækið á að auka framleiðslu sína á bleikju og regnbogasilungi.

Fram kemur að eldisrými í stöðinni sé 1.460 rúmmetrar en ekki standi til að auka það rými. Stöðin fái 70 l/sek af vatni úr sjálfrennandi lindum ofan við stöðina ásamt því að 30 l/sek komi úr læk neðan við stöðina. Ekki sé gert ráð fyrir aukinni vatnsnotkun við framleiðsluaukninguna.

Fram kemur að frárennslis renni í gegnum settjörn og þaðan um skurði og endi í Laxá í Aðaldal rétt ofan Æðafossa. Vegna framleiðsluaukningar verði komið fyrir tromlusíu ásamt því að útbúin verði önnur settjörn þar sem úrgangur úr tromlusíu verði safnað. Úrgangi úr settjörnum verði dælt upp með haugsugu og notaður til landgræðslu eða borinn á tún.



4 UMHVERFISÁHRIF

Frárennsli

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að miðað við upphafleg áform, þ.e. 60 tonna framleiðslu og enga tromlusíu, myndi stöðin losa um 12 tonn af úrgangi á ári. Með því að draga úr framleiðslumagni, þ.e. að framleiða að hámarki 50 tonn á ári, og setja upp tromlusíu sé áætlað að losunin verði 6 tonn á ári sem sé sama magn og 20 tonna framleiðsla losar í dag. Við 50 tonna framleiðslu verði magn uppleysts köfnunarefnis í frárennslisvatni 0,8 mg/l/sek og magn uppleysts fosfórs 0,07 mg/l/sek. Magn við núverandi framleiðslu sé 0,3 mg/l/sek af uppleystu köfnunarefni og 0,03 mg/l/sek af uppleystum fosfór.

Fram kemur að frárennsli renni í Mýrarvatn í Laxá rétt ofan Æðarfossa. Í Mýrarvatni sé sendinn eða leirkenndur botn þar sem ráðandi tegundir fiska séu urriði og bleikja. Æðarfossar séu grýttir og straumharðir og þar sé lax ríkjandi tegund. Neðan Æðarfossa sé þéttleiki seiða mestur í Laxá og ein stærsta hrygningarástöð laxins og neðan fossanna og rétt ofan þeirra séu einna aflamestu veiðistaðir Laxár. Áætlað sé að rennsli í Laxá við útrás frárennslis sé um 58.000 l/sek og rennslis hraði um 0,6 m/sek.

Framkvæmdaraðili telur gott seiðaástand neðan Æðarfossa og góð laxveiði ofan og neðan fossanna benda til þess að rekstur eldisstöðvarinnar hafi hingað til ekki haft neikvæð áhrif á laxastofn neðan útrásar frárennslis. Að mati framkvæmdaraðila sé ólíklegt að framleiðsluaukning leiði til verulegra áhrif á ána vegna næringarefna í frárennsli.

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar, sem sneri að 60 tonna framleiðslu, kemur fram að framleiðsluaukningin myndi valda auknu lífrænu álagi á Laxá og skyldi háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram með því að framleiða 50 tonn á ári í stað 60 tonna og koma fyrir tromlusíu sem safni um 60% af lífrænum úrgangi ætti framleiðsluaukningin ekki að leiða til aukinnar losunar í Laxá.

Í síðari umsögn Umhverfisstofnunar segir að stofnunin telji áform um uppsetningu tromlusíu og aðra settjörn jákvæð. Það sé stöðinni til bóta að engin aukning verði á lífrænni losun frá því þegar framleiðslan miðaðist við 20 tonn. Stofnunin bendir á að útreikningar á losun næringarefna við 50 tonna framleiðslu, sem birt eru í svari við fyrri umsögn Umhverfisstofnunar, eru yfir þeim mörkum sem að jafnaði er kveðið á um í starfsleyfum miðað við 50 tonna eldi. Það kunnist að skýrast af því að um er að ræða lítið eldi þar sem fóðurnýting er ekki jafn góð og í stærri eldiseiningum. Stofnunin minnir á að starfsleyfi framkvæmdarinnar verður gefið út á þeim forsendum að losun í viðtaka aukist ekki frá því sem nú er. Jafnframt segir að Umhverfisstofnun hafi lagt mikla áherslu á að dregið sé úr losun næringarefna í Mývatn en frárennsli frá umræddu eldi sé í Laxá, nálægt ósi árinna, og því sé ekki um að ræða losun í eins viðkvæman viðtaka. Því eigi ekki sömu sjónarmið við í tilfelli þessarar framkvæmdar og framkvæmda sem losa í Mývatn. Þá segir í umsögninni að uppfærðar áætlanir um hreinsun frárennslis frá stöð sé til þess fallnar að áhrif á viðtaka ættu ekki að verða umfram álag frá núverandi eldi. Með tilliti til áformaðar hreinsunar og vöktunar telur stofnunin að framleiðsluaukningin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að lífrænn úrgangur kunnist að hafa áhrif á lífríki í vatni og að ef frárennsli standist ekki kröfur og þynning í viðtaka sé lítil sé hætt við að súrefnisstyrkur falli það mikið að vatnalífi stafi hætta af. Sérstaklega botnlægum lífverum, svo sem fiskhrognum, kviðpokaseiðum og smádýrum. Þá kunnist aukning á áburðarefnum (einkum á köfnunarefni og fosfór) að hafa óæskileg áhrif á lífríkið. Þá kemur fram í umsögninni að um fremur litla framkvæmd sé að ræða á mælikvarða fiskeldis en að hún sé á stað sem njóti sérstakrar verndar sökum sérstöðu. Því sé mikilvægt að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu ljós sem og mótvægisaðgerðir og virkni þeirra. Gera megi nánari grein fyrir áhrifum frárennslis, samsetningu þess, magni efna, þoli



viðtakans gagnvart viðbótarálagi og mögulegum áhrifum þess á lífríkið. Þá er bent á að rennsli árinna þar sem frárennsli rennur í hana sé 47.000 l/sek en ekki 58.000 l/sek.

Í svari framkvæmdaraðila segir að með því að koma fyrir tromlusíu sé komið til móts við athugasemdir Hafrannsóknastofnunar varðandi afrennsli frá stöðinni. Jafnframt hafi verið sett upp vöktunaráætlun fyrir afrennsli stöðvarinnar þar sem fylgst sé með heildarmagni köfnunarefnis, fosfórs, magni lífrænna efna COD og svifögnum.

Laxfiskar

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að einn megináhættuþátturinn í rekstri stöðvarinnar sé mögulegar sleppingar eldisfisks í Laxá. Öll ker stöðvarinnar séu lokuð og möguleikar á sleppingum úr eldiseiningum litlir. Afrennsli stöðvarinnar fari í gegnum 5 mm stálsigti sem sé staðsett neðan við settjörn sem frárennsli renni um. Sigtinu hafi nýlega verið lokað með kassa sem komi í veg fyrir sleppingar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar segir að kynbætt eldisbleikja sem kunni að berist í Laxá geti blandast þeim stofnum sem þar séu og haft í för með sér neikvæðar breytingar á erfðasamsetningu þeirra. Regnbogasilungur sem kunni að berast frá stöðinni geti verið í samkeppni við aðra laxfiska um fæðu og rými og því ekki æskilegur í náttúrunni sem framandi tegund. Gera verði kröfur um búnað og verklag sem tryggja að fiskur berist ekki úr stöðinni og út í Laxá.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að með því að setja upp tromlusíu á afrennsli sé komið til móts við umsögn Hafrannsóknastofnunar. Tromlusía myndi draga verulega úr hættu á að fiskur slyppi frá stöðinni og stöðva fisk sem væri undir 5 mm á þykkt.

Í svörum framkvæmdaraðila segir einnig að eingöngu séu notuð laxaseiði af villtum íslenskum stofnum í stöðinni. Seiðin séu frá Norður- og Austurlandi og séu erfðafræðilega mjög nærri stofninum í Laxá. Seiðabúskapur laxa sé sterkur í ánni og ólíklegt að slysaslepping laxaseiða hefði áhrif. Bleikjan í eldinu sé frábrugðin bleikju í Laxá og líklega sú tegund sem helst geti valdið erfðablöndun þar sem bleikjustofnar séu litlir í Laxá. Líklegt sé þó að búsvæði bleikju í Laxá séu fullsetin og erfitt fyrir eldisfisk að ná þar búsetu nema innstreymi sé stöðugt og mikið. Helsta áhættan af mögulegum slysasleppingum regnbogasilungs sé sú að ímynd Laxár sem veiðiár gæti skaðast ef regnbogasilungur veiðist þar.

Að mati Umhverfisstofnunar mun uppsetning tromlusíu gera það að verkum að ólíklegt verði að seiði sleppi með frárennsli auk þess að litlar líkur séu á því að ung seiði lifi af dvöl í súrefnissnauðum settjörnum. Slysasleppingar seiða séu því ólíklegar.

Matvælastofnun telur að með því að notast við tromlusíu við affall stöðvarinnar ásamt því að gera viðeigandi viðbætur á 5 mm stálsigti, þ.e. koma fyrir kassa, þá séu varnir gegn slysasleppingum með ásættanlegu móti.

Fiskistofa, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Norðurþing telja að framkvæmdin þurfi ekki að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

5 VÖKTUN

Fram kemur að vakta eigi magn köfnunarefnis (N_{total}), fosfórs (P_{total}), COD og svifagna. Gert er ráð fyrir að sýni verði tekin árlega á þremur sýnatökustöðum. Sýnataka fari einnig fram á tveimur öðrum sýnatökustöðum árin 2018 og 2019 en gefi mælingar tilefni til verði mælt aftur 2020-2021.

Í síðari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í starfsleyfi verði gerðar kröfur um reglulegar mælingar og/eða mat á hitastigsbreytingu við útrás, súrefnismettun, breytingu á sýrustigi,



ammóníakslosun, súrefnisnotkun BOD5, HOCL, olíu og fitubræk ásamt aukningu svifagna vegna frárennslis. Stofnunin telur að vakta eigi Laxá á öllum fimm sýnatökustöðum sem sýndir eru í vöktunaráætlun a.m.k. til ársins 2020. Stofnunin tekur fram að vöktunaráætlunin verði rýnd við starfsleyfisgerð og verði yfirfarin reglulega. Komi til þess að losun frá starfsemi og ástand viðtaka mælist mælist yfir ásættanlegum mörkum verði starfsleyfi endurskoðað.

6 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag Norðurlands.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi.

Leita skal heimildar Matvælastofnunar um flutning annarra fisktegunda en finnast í Laxá og leita skal heimildar fisksjúkdómanefndar til að ala villtan fisk og eldisfisk í sömu stöð, sbr. reglugerð um fiskeldi.

Innflutningur á regnbogasilungi er háður leyfi Umhverfisstofnunar sbr. náttúruverndarlög.

7 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða framleiðsluaukningu í landeldisstöð úr 20 tonnum í 50 tonn á ári. Framleiðsluaukningin felur ekki í sér aðrar framkvæmdir en gerð settjarnar ásamt því að komið verður fyrir tromlusíu á frárennslisli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.11 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar ásamt úrgangsmýndun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða umfangslítið fiskeldi sem eftir framleiðsluaukningu verður áfram umfangslítið. Verklegar framkvæmdir verða minniháttar þar sem ekki þarf að fjölga eldiskerum við framleiðsluaukninguna og þá mun aukningin ekki kalla á frekari vatnsvinnslu en nú er.

Með því að koma upp tromlusíu mun fastur úrgangur í frárennslisli ekki aukast umfram það sem nú og verða um 6 tonn á ári. Þó má gera ráð fyrir aukningu í magni uppleystra næringarefna í frárennslisvatni.

Fiskeldi fylgir alltaf hætta á slysasleppingum. Sleppivarnir stöðvarinnar felast í ristum á kerum, sigti á frárennslisli neðan settjarna auk þess að allt frárennslisli fer í gegnum tromlusíu. Þá eru, að mati Umhverfisstofnunar, litlar líkur á að ung seiði lifi af dvöl í súrefnissnauðum settjörnum sem frárennslisli rennur um.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. sérlögum. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til náttúruverndarsvæða og kjörlandis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Laxá nýtur verndar skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að



vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu að mannavöldum. Jafnframt eiga lögin að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár.

Þá er Laxamýri innan fjarsvæðis vatnsverndar en að mati Skipulagsstofnunar er afar ólíklegt að framkvæmdin komi til með að hafa áhrif á neysluvatn.

Í síðari umsögn Umhverfisstofnunar segir að stofnunin hafi lagt mikla áherslu á að dregið sé úr losun næringarefna í Mývatn. Ekki eigi sömu sjónarmið við varðandi þá framkvæmd sem hér er fjallað um þar sem frárennslið er í Laxá, nálægt ós árinna. Því sé ekki um að ræða losun í jafn viðkvæman viðtaka og ef um Mývatn væri að ræða

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar framkvæmdar, svo sem stærðar áhrifa, hverjar séu líkur á áhrifum og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. t. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á Laxá. Með vísan til umsagnar Umhverfisstofnunar, þar sem segir að starfsleyfi fyrir fyrirhugaða framkvæmd verði gefið út á þeim forsendum að losun í viðtaka aukist ekki við framleiðsluaukningu og að starfsleyfi skuli endurskoðað reynist losun frá starfsemi og ástand viðtaka yfir þeim mörkum sem talin eru ásættanleg, telur Skipulagsstofnun litlar líkur á öðru en óverulegum áhrifum í viðtaka.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að líkur á slyssleppingum verði litlar og þar af leiðandi séu litlar líkur á að aukin framleiðsla komi til með að hafa áhrif á villta stofna laxfiska.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. apríl 2019.

Reykjavík, 25. mars 2019

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinnsson